

Ed.

976. Nefndarálit

[414. mál]

um afhendingu Viðeyjar í Kollafirði.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og leitað álits þjóðminjavarðar á því.

Í frv. er lagt til að hluti ríkisins í Viðey ásamt þeim minjum þar, sem eru á fornleifaskrá, verði afhent Reykjavíkurborg til eignar með skilyrðum sem skýrt eru tekin fram í texta frv. Húsin í Viðey eru harla merkileg og brýnt að ljúka viðgerð þeirra hið bráðasta og með sóma. Ríkisvaldið hefur ekki séð sér fært að ljúka viðreisn Viðeyjar í samræmi við þingsályktun um það efni sem samþykkt var á síðasta þingi. Skv. frv. tekur Reykjavíkurborg að sér verndun þeirra minja sem afhentar verða ef frv. verður að lögum.

Nefndin telur ótvírætt að verndun þessara minja fari fram í samræmi við fyrirmæli þjóðminjalaga og í fullu samráði við þjóðminjavörð og álits hans leitað um allt er máli skiptir í því sambandi.

Í trausti þess að viðreisn Viðeyjar verði hraðað, verði þetta frv. að lögum, leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir tók ekki þátt í afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Haraldur Ólafsson,
form., frsm.

Ragnar Arnalds,
með fyrirvara.

Árni Johnsen.

Eiður Guðnason.

Ey. Kon. Jónsson.

Salome Porkelsdóttir.